

Sjöundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 20. júní 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Sigurbjörg Ottesen, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Veronika G. Sigurvinsdóttir, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Sorpmál

Innleiðing hringrásarhagkerfisins gerir ráð fyrir að við hvert heimili standi 3 – 4 flokkunartunnur.

Uppsetning grenndarstöðvar, lífrænt sorp, förgun dýrahæja og hreinsunaráttak sveitarfélagsins rædd.

Oddvita falið að fá Stefán Gíslason hjá Environice til að taka út sorpmál sveitarfélagsins.

2. Gestastofa Breiðabliki

Samkomulag Eyja- og Miklaholtshrepps og Svæðisgarðsins Snæfellsness um Gestastofu á Breiðabliki rennur út 2. apríl 2024.

Erindi frá Svæðisgarðinum lagt fyrir um áframhaldandi samstarf um Gestastofu á Breiðabliki.

Sveitarstjórn lýsir vilja til áframhaldandi samstarfs við Svæðisgarðinn um rekstur Gestastofu á Breiðabliki.

Oddvita falið að vinna málið áfram.

Í ljósi gríðarlega aukins ferðamannastraums á Snæfellsnesi nú í sumar hefur Svæðisgarðurinn óskað eftir að sveitarfélagið komi frekar að rekstri Gestastofunnar en samkomlagið segir til um.

Oddvita falið að ræða við forsvarsmann Svæðisgarðsins um frekari aðkomu sveitarfélagsins að rekstri Gestastofunnar í sumar.

3. Laugargerði

Eignir sveitarfélagsins í Laugargerði ræddar.

Verið er að vinna í greinargerð fyrir sveitarstjórn vegna athugasemda sem komu vegna endurauglýsts deiliskipulags við Laugargerði. Vinna er hafin við hnitsetningu við landamerki Laugargerðis.

Oddvita falið að fá eignir sveitarfélagsins í Laugargerði metnar.

4. Fundargerð 181. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundargerð lögð fram.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið klukkan 17:40.

Sigurbjörg Ottesen sign

Herdís Þórðardóttir sign

Pröstur Aðalbjarnarson sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign